



FOGUR FRAMTÍÐ Í  
FLJÓTSDAL

## Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 5 Dags. 10.6.2020

**Fundarstaður:** Snæfellsstofa í Fljótsdal frá kl 17:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Um 30 manns sóttur viðburðinn.

### Fyrsta úthlutun styrkja úr Samfélagssjóði Fljótsdals

Samfélagssjóður Fljótsdals var formlega stofnaður í apríl árið 2020 með veglegu fjárframlagi frá Fljótsdalshrepp.

Markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal.

Einstaklingar, félög og aðrir lögaðilar geta fengið styrki úr sjóðnum óháð búsetu enda uppfylli verkefni sem óskað er eftir að verði styrkt skilyrði sem fram koma í markmiðum sjóðsins og skilyrði úthlutunarreglna sem stjórn skal setja sjóðnum.

Stjórn sjóðsins ákveður styrki til einstakra verkefna og hvernig þeir greiðast til styrkþega.

Stjórn Samfélagssjóðsins auglýsti eftir umsóknum um styrki um miðjan apríl og bárust alls 34 umsóknir. Heildarkostnaður verkefna var 107.088.900 kr og sótt um all 43.463.050 kr. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að veita styrki til alls 22 verkefna að upphæð 12.884.000 kr.

### Dagskrá

Í upphafi. Veitingar í borði Fljótsdalshrepps sem Klausturkaffi veitti á staðnum, þ.e. rabbarbarasaft og heimagerðir smáréttir. Tónlist af spotify.

1. Ásdís Helga Bjarnadóttir, starfsmaður Samfélagssjóðsins setti formlega dagskrá.
2. Þórhallur Jóhannsson, formaður Samfélagsnefndar flutti nokkur orð.
3. Signý Ormarsdóttir, formaður stjórnar sjóðsins fór yfir starf stjórnar.
4. Úthlutun styrkja; ÁHBj og SO afhentu styrki.

### Eftirfarandi verkefni hlutu styrk árið 2020:

1.500.000	Sauðamjólkurís	Sauðagull ehf
1.200.000	Skinnaverkun	Hörður Guðmundsson
1.000.000	Stefnumót við Skógarsamfélag III	SAM-félagið, samstarfsverkefni
900.000	Markaðsátak	Óbyggðasetur ehf
860.000	Skemmtilega skiltið	Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps
800.000	Undirbúningur Hölnárvirkjunar - Brekku	Hallgrímur Þórhallsson



FÖGUR FRAMTÍÐ Í  
FLJÓTSDAL

700.000	Tilraunaræktun á Burnirót í Fljótsdal	Pórarinn Þórhallsson og Sveinn Ingimarsson
600.000	Vandaðir húsmunir úr íslenskum við - Viðskiptaáætlun og vöruþróun	Bara snilld ehf, samstarfsverkefni.
600.000	Gerð viðskiptaáætunar og stofnun félags um skinnaverkun	Jósef Valgarð Þorvaldsson
574.000	Efling réttardags	Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps
565.000	Rúningur og ullarmta, aukin gæði	Hallormsstaðaskóli, samstarfsverkefni.
500.000	Ævintýri á Héraði - Fjölskylduleikur	Gunnarsstofnun f.h. Upphéraðsklasans.
500.000	Hnútu handverk	Kristín Gunnarsdóttir. Samstarf Húsó og Lára Vilbergs
420.000	Námskeiðaröð í kjötvinnslu	Hallormsstaðaskóli (Bryndís F Ford)
400.000	Gróðurhús og ræktun	Anna Jón Árnmarssdóttir
400.000	Tilraun á hamprækt	Anna Bryndís Tryggvadóttir og Hallgrímur Þórhallsson
350.000	Afbreyting og leiktæki á tjaldstæði	Hengifoss ehf
300.000	Fljótsdalsbragðið	Ann-Marie Schlutz
275.000	Gönguleið um Tröllkonustíg og Klausturfjall	Hengifoss ehf Sígíður og Ingólfur, samstarfsverkefni.
200.000	Aðventa	Tónlistafélagið Mógil
150.000	Skemmtikvöld	Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir
90.000	Ormsskrínið við Hrafnskelsstaði	Ormsskrínið

5. Arna Björg Bjarnadóttir, fyrsti formaður Samfélagsnefndar flutti lokaorð og sleit samkomu kl 18:00.

#### Eitt mál tekið formlega fyrir og afgreitt vefrænt 30. júní 2020.

Stjórn Samfélagssjóðs samþykkir samhljóða að miða nefndarlaun á fyrsta starfsári sínu við greiðslur til nefnda á vegum Fljótsdalshrepps.

Ásdís Helga ritaði.